

Leiðbeiningar við útfyllingu umsóknar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði

Við **Fæðingarorlofssjóð** merkir foreldri sem hefur verið starfandi á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 25% starfi samfelld í a.m.k. 6 mánuði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Starfstími foreldris í öðrum ríkjum innan EES – svæðisins er tekinn til greina hafi foreldri starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingu barns. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru EES – ríki. Foreldri skal þá láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil erlendis fylgja með umsókninni.

Til starfstíma telst einnig:

- Orlof eða launalaust leyfi skv. lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi.
- Sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar.
- Sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra-/slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum.
- Sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slysa.
- Sá tími er foreldri fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldri sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.

Ef eitthvað ofanefndra atriða á við skal fylgja, eftir því sem við á, staðfesting frá vinnuveitanda, Vinnuálastofnun vegna atvinnuleysisbóta, stéttarfélagi, tryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins.

Foreldri sem uppfyllir ekki ofangreind skilyrði fyrir greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði, er utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eða er námsmaður, getur átt rétt á fæðingarstyrk. Þegar sótt er um fæðingarstyrk skal fylla út sér umsóknareyðublað. Ef umsækjandi hefur stundað meira en 75% samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í a.m.k. 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingardag barns, þá á hann rétt á að sækja um fæðingarstyrk sem námsmaður. 75% nám telst vera 13 einingar á önn á framhaldsskólastigi og 22 ect. einingar á önn á háskólastigi.

Reitir 5

Hér er tekið fram hvað foreldri ætlar að nýta marga mánuði af sjálfstæðum og sameiginlegum rétti til fæðingarorlofs. Móðir á þriggja mánaða sjálfstæðan rétt, faðir þriggja mánaða sjálfstæðan rétt og síðan er þriggja mánaða sameiginlegur réttur sem foreldrar geta skipt á milli sín eða annað foreldrið tekið í heild.

Ef foreldrar eiga von á fleiri en einu barni þarf að skrá fjölda barna hér.

Á vottorði um áætlaðan fæðingardag þarf fjöldi barna að koma fram.

Sameiginlegur réttur foreldra lengist um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem fæðist á lífi.

Fósturlát. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í tvo mánuði sem þeir geta skipt á milli sín eða annað foreldrið tekið í heild. Einungis er heimilt að taka orlofið út næstu tvo mánuði eftir fósturlát. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting/læknisvottorð um fósturlát og meðgöngulengd.

Andvanafæðing. Sé um að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í þrjú mánuði sem þeir geta skipt á milli sín eða annað foreldrið tekið í heild. Einungis er heimilt að taka orlofið út næstu þrjú mánuði eftir andvanafæðingu. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting/læknisvottorð um andvanafæðingu og meðgöngulengd.

Ætlast er til að umsækjandi staðfesti fjölda þeirra daga sem áætlað er að taka með því að skrá samtals dagafjölda sem áætlað er að taka í fæðingarorlof.

Reitur 6

Upplýsingar vegna lífeyrissjóða, stéttarfélags og banka.

Nauðsynlegt er að „Tilkynning um fæðingarorlof“ (sbr. eyðublað á vef Fæðingarorlofssjóðs) fylgi með umsókninni.

Skrá hvaða **lífeyrissjóð** foreldri óskar eftir að greiða í. Ef um fleiri en einn vinnuveitanda er að ræða þá má skrá hér fleiri lífeyrissjóði til að greiðslur berist til allra meðan á fæðingarorlofi stendur. Skylda er að greiða í lífeyrissjóð, ekki er hægt að afgreiða umsókn fyrr en upplýsingar um í hvaða lífeyrissjóð viðkomandi foreldri vill greiða í, liggur fyrir.

Óski foreldri eftir að greiða í **séreignarsjóð** þá er nafn sjóðsins og hlutfall greiðslna skráð. Fæðingarorlofssjóður greiðir ekki mótframlag vegna greiðslna í séreignarsjóði.

Að lokum er skráð nafn **stéttarfélags** ef foreldri óskar eftir að greiða félagsgjald til stéttarfélags. Rétt er að vekja athygli á því að ef ekki er óskað eftir að greiða í stéttarfélag þá geta tapast áunnin réttindi hjá stéttarfélagi. Merki foreldri við ósk um að greiða í stéttarfélag en tilgreini ekki nafn stéttarfélags þá verður skráð það stéttarfélag sem kemur fram á launaseðlum sem fylgdu umsókn.

Bankareikningar. Foreldrar geta ekki verið með sama bankareikning. Foreldri verður að vera skráð fyrir þeim reikningi sem það gefur upp. Ekki er nóg að vera prókúruhafi.

Reitur 7

Mikilvægt er að ganga frá umsókn með undirskrift.

Ef umsókn er útfyllt á ófullnægjandi hátt áskilur Fæðingarorlofssjóður sér rétt til að endursenda umsókn til umsækjanda til frekari útfyllingar.

Vakin er athygli á því að með undirskrift foreldris er Vinnumálastofnun heimilað að afla nauðsynlegra gagna úr skráum skattýfirvalda við framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof, **svó sem til eftirlits**, enda er það forsenda fyrir rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Reitur 8

Eftirfarandi þrjú vottorð og launaseðlar verða að berast Fæðingarorlofssjóði til þess að greiðslur geti hafist

Vottorð um væntanlegan fæðingardag barns, „Tilkynning til vinnuveitanda um fæðingarorlof“ (eyðublað á vef) og afrit af launaseðlum síðustu tveggja mánaða. Mikilvægt er að umsækjendur sendi þessi vottorð tímanlega til Fæðingarorlofssjóðs.

Sjálfstætt starfandi umsækjandi með reiknað endurgjald þarf að skila staðfestingu á að tryggingagjald hafi verið greitt sl. 6 mánuði fyrir fæðingu barns og staðfestingu á lækkun á reiknuðu endurgjaldi ef um það er að ræða frá Ríkisskattstjóra.

Reitur 9

Aðeins þarf að skrá nafn og kennitölu umsækjenda hér ef sendar eru inn upplýsingar með umsókninni sbr. reiti 10 – 14.

Reitur 10

Móðir sem óskar eftir lengingu vegna veikinda á meðgöngu eða af öryggis- og heilbrigðisástæðum merkir við hér. Þetta á aðeins við um mæður sem eru á vinnumarkaði og eiga rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Móðir sem sækir um fæðingarstyrk á ekki rétt á lengingu.

Móðir sem sækir um lengingu vegna veikinda á meðgöngu þarf að skila inn fullnægjandi læknisvottorði ásamt staðfestingu á því hvenær hún féll af launum vegna veikindanna og hvenær veikindaréttur hennar var fullnýttur. Vottorðið sem þarf að berast heitir *Læknisvottorð v/lengingar fæðingarorlofs skv. lögum nr. 95/2000 v/sjúkdóms móður*.

Móðir sem sækir um lengingu af öryggis- eða heilbrigðisástæðum þarf að skila með umsókn áhættumati vegna starfsins og rökstuðningi frá vinnuveitanda. Í sumum tilvikum getur verið nægjanlegt að skila ítarlegri greinargerð vinnuveitanda um starfshætti og hvernig starfið skapi hættu fyrir öryggi og heilbrigði þungaðrar konu.

Mikilvægt er að vinnuveitandi hafi reynt að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði.

Vinnumálastofnun getur óskað eftir því að Vinnueftirlit ríkisins endurskoði ákvörðun vinnuveitanda um leyfisveitingu.

Reitur 11

Spurt er hvort foreldrar hafi á síðustu 24 mánuðum:

- Verið búsettir erlendis. Ef svarið er já þá þarf að tilgreina land og tímabil.
- Áunnið sér rétt til greiðslna í fæðingarorlofi í því landi. Fylgja þarf staðfesting frá viðeigandi yfirvöldum viðkomandi lands um hvort slíkur réttur sé til staðar eða ekki. Í þeim tilfellum þegar um rétt er að ræða þarf að koma fram tímabil og fjárhæð greiðslna.

Reitur 12

Á við ef foreldrar sækja báðir um greiðslur en eru ekki giftir, í skráðri sambúð eða staðfestri samvist.

Foreldri sem á rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði, en fer ekki með forsjá barns, þarf að skila staðfestri faðernisviðurkenningu til að eiga rétt á greiðslum. Faðernisviðurkenningu er hægt að fá staðfesta hjá sýslumanni eftir að barnið er fætt auk þess sem fæðingarvottorð útgefið af Hagstofu Íslands ber með sér hvort gengið hafi verið frá staðfestingu á faðerni barns. Forsjárforeldri þarf síðan að undirrita neðst í reit 12.

Leyfi til foreldris sem ekki fer með forsjá barns. Ef foreldrar eru ekki giftir eða í skráðri sambúð getur það foreldri sem fer með forsjá barnsins veitt forsjárlausa foreldrinu rétt til umgengni með því að skrifa undir í þennan reit. Einnig þarf að skila fæðingarvottorði útgefnu af Hagstofu Íslands.

Reitir 13

Ef foreldri óskar eftir að koma frekari upplýsingum á framfæri þá gefst tækifæri til að gera það hér. Einnig er heimilt að setja frekari upplýsingar á fylgiblað með umsókninni.

Reitir 14

Önnur fylgiskjöl með umsókn

Hér er upptalning á ýmsum gögnum sem þurfa að fylgja með umsókn ef hún er ekki hefðbundin, s.s. ef veikindi verða hjá móður eða barni. Ef sótt er um lengingu þá þurfa alltaf að fylgja með fylgiskjöl sem staðfesta viðkomandi beiðni.

Rétt er að taka fram að **ekki er skylda að skila skattkorti** en ef það er ekki gert þá er dreginn fullur skattur af greiðslum. Til að unnt sé að taka tillit til skattkorts foreldris **þarf það að berast stofnuninni fyrir 20. þess mánaðar sem verið er í fæðingarorlofi.** Skattkorti verður skilað þegar ráðstöfuðu orlofi er lokið. Foreldri sem óskar eftir að fá það afhent fyrr verður að óska þess sérstaklega.

Athygli skal vakin á því að fæðingarorlof er greitt eftir á, greiðsla fer fram síðasta virka dag þess mánaðar sem foreldri er skráð í fæðingarorlof.